

**Sp.**

**78. Tillaga til þingsályktunar**

**[61. mál]**

um undirbúningsnámskeið til tæknifræðimenntunar.

Flm.: Eggert G. Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta koma á fót undirbúningsnámskeiðum fyrir iðnaðarmenn, er hafa í huga að komast til náms á tæknifræðiskóla heima eða erlendis.

**Greinargerð.**

Með aukinni tækni í þágu atvinnuveganna hafa kröfur til hvers konar sérhæfni manna í starfi stórukizt. Árlega útskrifast innanlands og utan álitlegur hópur manna til hinna ýmsu og annars ólíku starfa. Þrátt fyrir þessa fjölgun sérmenntaðra manna er að fróðra manna dómi alvarleg eyða í þessa menntun, þar sem bilið milli iðnaðarmanna og langskólagenginna manna hefur lítt verið brúað, þó að hvorir um sig gegni sínu nauðsynlega starfi vel. Á allra síðustu árum hefur þó nokkuð miðað í þessa átt með námi tæknifræðinga, og leitar nú vaxandi fjöldi iðnaðarmanna til framhaldsnáms erlendis í því skyni að öðlast réttindi sem tæknifræðingar.

Stórbreyting hefur átt sér stað í atvinnuháttum landsmanna s. l. 20—30 ár, og sennilegt er, að framhald verði þar á, ef fram fer sem horfir, og mun þá þörfin fyrir menn með tæknifræðimenntun enn fara vaxandi.

Allmikið hefur að undanförru verið rætt um möguleika á stofnun tækniskóla hér á landi, er veitti mönnum að loknu námi þar hliðstæð réttindi og hinir erlendu tækniskólar veita. Fjárskortur ásamt ýmsum ytri ástæðum mun þó enn draga framkvæmd slíkrar skólastofnunar nokkuð á langinn. Fyrst um sinn er því sýnt, að slíkt nám verður að sækja til annarra landa. Erendis mun og gefast kostur á því samfara náminu að vera í náinni snertingu við það, sem helzt og bezt er að gerast í hinni öru framþróun tækninnar.

Fyrir félitla menn, sem hyggjast leggja út í tæknifræðinám, oftast að loknu 4 ára iðnnámi, er nauðsynlegt, að kostnaðarsamur undirbúningstími fari ekki til ónýtis. Til þess að koma í veg fyrir, að svo verði, er þingsályktunartillaga þessi flutt. Nánar mun málið skýrt í framsögu.